

### Stærðfræði 3. bekkur skólaárið 2019 - 2020

Öll kennsla í Grunnskólanum á Helli byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta Aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í stærðfræði sett fram í sjö flokkum: Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Tölfræði í líkindi. Á blaðsíðum 211-217 í 25. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um stærðfræði, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

#### Kennsluhættir

Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og unnið er ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Reynt er að tengja námsefnið við daglegt líf nemenda. Nemendur þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega um lausnir verkefna og kunna skil á algengustu stærðfræðitáknum.

*Að geta spurt og svarað með stærðfræði:* Unnið er með orðadæmi og þrautalausnir í ýmsum verkefnum. Nemendur þjálfast í samlagningu, frádrætti og margföldun.

*Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar:* Nemendur æfist í að nota vasareikni sem hjálpartæki stærðfræðinnar. Nemendur þjálfast í að nota einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog. Nemendur skilji grundvallaratriði tímatalsins og þjálfast í að nýta sér klukku, bæði stafræna og skífuklukku.

*Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:* Nemendur vinna í námsbókum sínum bæði einstaklings- og hópverkefni. Kennari útskýrir ýmsar reikniaðferðir yfir hópinn og einstaklingslega.

*Tölur og reikningur:* Nemendur æfist í samlagningu, frádrætti og margföldun. Þeir kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölum. Nemendur æfist í að reikna í huganum einföld dæmi með tveimur tölum. Haldið verður áfram að vinna með hugtökin hundruð, tugur og eining.

*Algebra:* Nemendur búi til eigin mynstur með því að nota líkön og hluti. Nemendur leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkt stærð í jöfnu.

#### Námsgögn

Kennslubækurnar: *Sproti 3a og 3b* nemendabækur og æfingahefti, ýmis ljósrituð verkefni og spil tengd námsefninu. Stuðst við ýmsar aukabækur sem hæfa og aldri og getu nemenda. Nemendur nýta sér margvísleg hjálpargögn stærðfræðinnar, s.s. kubba, talnagrindur, kennslupeninga, smáhluti, málbönd, vogir, spil, teninga, klukku, reglustikur og kennsluforrit.

## **Námsmat**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.